

Tillaga
Afgreiðsla

A 1943/UKK
Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um alþjóðlega jarðvanga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að kanna hvernig auka má samstarf um umhverfisfræðslu og skapa öflugri norræn samstarfsnet innan ramma alþjóðlegra jarðvanga. Leggja þarf áherslu á að auka þekkingu barna og ungmenna á sjálfbærri þróun og virði náttúrunnar.

Bakgrunnsupplýsingar

Náttúrutengd ferðaþjónusta leiðir til aukins skilnings á virði náttúrunnar og sjálfbærri þróun fyrir nærsamfélagið, bæði út frá félagslegu og efnahagslegu sjónarhorni. Vinna þarf að því að fólk öðlist þennan skilning strax í æsku og því er ástæða til þess að auka samstarf milli skóla á Norðurlöndum um umhverfisfræðslu.

Jarðfræði er eitt af þeim sviðum sem nýtur vaxandi vinsælda innan náttúrutengdrar ferðaþjónustu og þar á meðal eru hinir svonefndu jarðvangar. Markmiðið með jarðvöngum er að miðla þekkingu um jarðfræði og jarðminjastaði með því að skýra tengslin milli jarðfræði, líffræði, mannsins og menningarsögunnar. Það gerist því að þróa efnahag svæðanna í kringum sjálfbæra jarðfræðilega ferðaþjónustu. Mikið af starfsemi jarðvanganna er beint til barna og ungmenna.

UNESCO-stofnun Sameinuðu þjóðanna útnefnir alþjóðlega jarðvanga og líkja má þeim við þjóðgarða og heimsminjar UNESCO, jafnvel þótt jarðvangar séu ekki náttúruverndarsvæði. Í dag eru 195 jarðvangar í 48 löndum. Svíþjóð fékk nýlega sinn fyrsta alþjóðlega viðurkennda jarðvang. Jarðvanga hefur verið að finna lengur í Finnlandi (4), á Íslandi (2), í Noregi (4) og í Danmörku (2). Jarðvangarnir starfa innan alþjóðlegs samstarfsnets jarðvanga sem hefur það markmið að skapa tengsl milli jarðvanga vítt og breitt um heiminn.

Norðurlöndin hafa til mikils að vinna með því að auka samvinnu um umhverfisfræðslu og jarðvanga. Saman getum við sett norræn landsvæði okkar á heimskortið og komið fólki í meiri snertingu við náttúruna.



Sjónarmið nefndarinnar

Norræna þekkingar- og menningarnefndin styður tillögu flokkahóps jafnaðarmanna um um að mælast til þess að Norræna ráðherranefndin kanni hvernig auka má samstarf um umhverfisfræðslu og skapa öflugri norræn samstarfsnet innan ramma alþjóðlegra jarðvanga.

Í starfinu að því að auka þekkingu um vægi jarðvanga eiga stjórnendur jarðvanganna þátt í að auka vitund og skilning fólks á þeim áskorunum sem samfélög okkar standa frammi fyrir, svo sem sjálfbærri auðlindanotkun, hvernig loftlagsbreytingar hafa áhrif á samfélög okkar og hvernig við getum minnkað hættuna á náttúruhamförum.

Þetta miðlunarstarf stuðlar einnig að því að íbúar svæðanna fyllist stolti og finni fyrir tengingu við svæðið. Jarðvangarnir skapa einnig forsendur fyrir nýsköpun í atvinnulífi og ný störf í tengslum við þá náttúrutengdu ferðaþjónustu sem jarðvangarnir stuðla að.

Til að svæði fái útnefningu sem alþjóðlegur jarðvangur UNESCO er mikilvægt að til sé grundvallaráætlun sem stýrir starfinu, þ.e. að staðbundnir og svæðisbundnir aðilar, bæði úr samfélaginu og stjórnámálum, komi að öllum ferlum. Þetta snýst um aðkomu landeigenda, staðbundinna og svæðisbundinna fyrirtækja, skóla, samtaka í ferðaþjónustu og, þar sem við á, samtaka frumbyggja.

Skipulagi getur verið háttáð mismunandi milli jarðvanga og getur til dæmis falist í samstarfi milli aðliggjandi sveitarfélaga eða, eins og í tilfalli jarðvangsins Oddsherred í Danmörku, verið í formi sjálfstæðs sjóðs með stjórn sem sveitarfélag Oddsherred á fulltrúa í. Jarðvangarnir eru fjármagnaðir og reknir með fjármunum frá sveitarfélögunum og utanaðkomandi sjóðum.

Hugtakið „jarðvangur“ var skilgreint árið 2015 af UNESCO og er því enn tiltölulega nýtt og ekki jafn þekkt og heimsminjaskrá UNESCO og verndarsvæði lífhvolfa. Í dag er til óformlegt tengslanet milli norrænna jarðvanga. Hugmyndin með tillögunni er að kanna hvernig efla megi þetta óformlega tengslanet og miðla þekkingu um t.a.m.:

- Miðlunar- og upplýsingastarf fyrir skóla um sjálfbæra þróun og jarðfræði
- Aðkomu nærsamfélaga að jarðvöngum
- Hvernig jarðvangarnir geta stuðlað að sjálfbærri ferðaþjónustu
- Markaðsstarf, bæði landsbundið og alþjóðlegt
- Hvernig sækja má utanaðkomandi fjármögnun

Skýrsla ætti að vera tilbúin til kynningar á alþjóðlegri ráðstefnu The Global Geoparks Network eða á fundi jarðvangaráðs UNESCO, sem sér um að meta og leggja til nýja jarðvanga. Skýrsla með tillögum um norrænar lausnir um miðlun, aðkomu, sjálfbærni,



samskipti og fjármögnun hefur ekki aðeins norrænt notagildi heldur getur einnig haft alþjóðleg áhrif.

Tillagan ætti að vekja áhuga á mörgum sviðum norræns samstarfs, svo sem á sviði umhverfis- og loftlagsmála, sjálfbærni, hagvaxtar, útivistar og menntunar og rannsókna. Hún stuðlar því að áherslu ráðherranefndarinnar um þverfaglegt samstarf og markmiðinu um að Norðurlönd verði sjálfbærasta svæði heims árið 2030.

Kaupmannahöfn, 5. september 2023

Camilla Gunell (ÅSD)

Henrik Møller (S)

Lars Mejern Larsson (S)

May Britt Lagesen (A)

Pinja Perholehto (sd)

Brigitte Klinskov Jerkel (KF)

Marko Kilpi (saml)

Noora Fagerström (saml)

Ville Väyrynen (saml)

Ulrica Liljeberg (C)

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Frfl)

Kathrine Kleveland (Sp)

Lotta Johnsson Fornarve (V)

Victoria Tiblom (SD)

Helge André Njåstad (FrP)